

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2017, miðvikudaginn 6. september kl. 9:07, var haldinn 202. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal. Viðstödd voru: Hjálmar Sveinsson, Magnea Guðmundsdóttir, Torfi Hjartarson, Sverrir Bollason, Sigurborg Ó Haraldsdóttir, Halldór Halldórsson, Áslaug María Friðriksdóttir og Sævar Þór Jónsson áheyrnarfulltrúi. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Þorsteinn Hermannsson, Oddrún Helga Oddsdóttir og Marta Grettisdóttir. Fundarritari er Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

(D) Ýmis mál

1. Umhverfis- og skipulagsráð, kosning fulltrúa Mál nr. US170256

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 5. september 2017, vegna samþykktar borgarstjórnar frá 5. september 2017, um að fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir tekur sæti í umhverfis- og skipulagsráði varamaður hennar er Svafar Helgason. Fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Torfi Hjartarson tekur sæti í umhverfis- og skipulagsráði, varamaður hans er Magnús Sveinn Helgason. Sævar Þór Jónsson tekur sæti sem áheyrnarfulltrúi Framsóknar- og flugvallarvina, varamaður hans er Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttir.

2. Umhverfis- og skipulagsráð, kosning varaformanns Mál nr. US170257

Lögð fram tillaga formanns umhverfis- og skipulagsráðs að fulltrúi Bjartrar framtíðar Magnea Guðmundsdóttir verði kosinn varaformaður umhverfis- og skipulagsráðs. Samþykkt.

(A) Skipulagsmál

3. Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerðir Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 1. september 2017.

4. Aðalskipulag Reykjavíkur, veitinga- og gististaðir, breyting á aðalskipulagi vegna heimilda um veitinga- og gististaði Mál nr. SN160890

Að lokinni kynningu fyrir íbúum og öðrum hagsmunaaðilum skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, dags. apríl 2017, á breytingu á aðalskipulagi vegna heimilda um veitinga- og gististaði. Um er að ræða uppfærslu vegna gildistöku breytinga á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007. Eftirtaldir aðilar sendu inn athugasemdir/ábendingar: Hverfisráð Laugardals, dags. 30 júní 2017, Íbúasamtök miðborgar, dags. 14. júlí 2017 og Gestur Ólafsson, dags. 28. júlí 2017. Erindinu var vísað til umsagnar deildarstjóra aðalskipulag á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. ágúst 2017 og er nú lagt fram að

nýju ásamt nýrri tillögu umhverfis- og skipulagssviðs, dags. september 2017, á breytingu á aðalskipulagi vegna heimilda um veitinga- og gististaði. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísað til borgarráðs.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Mosfellsbær, breyting á svæðisskipulagi, Mál nr. SN170616
breytt afmörkun vaxtarmarka
atvinnusvæðis á Hólmsheiði

Lagt fram bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 18. ágúst 2017, vegna afgreiðslu svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins á verkefnislýsingu Mosfellsbæjar, dags. ágúst 2017 vegna breytingar á vaxtamörkum svæðisskipulags í landi Mosfellsbæjar þannig að athafnasvæði við Hólmsheiði geti stækkað til austurs. Erindinu var vísað til umsagnar deildarstjóra aðalskipulags og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn deildarstjóra aðalskipulags, dags. 1. sept. 2017.
Umsögn deildarstjóra aðalskipulags dags. 1. september 2017 samþykkt.
Vísað til borgarráðs.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Snorrabraut 54, breyting á deiliskipulagi (01.193) Mál nr. SN170228
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
670117-0650 Esja Attractions ehf., Bergþórugötu 55, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Plúsarkitekta ehf., mótt. 14. mars 2017 varðandi breytingu á deiliskipulagi Heilsuverndarreits vegna lóðarinnar nr. 54 við Snorrabraut. Í breytingunni felst að gera nýbyggingu með verslun, þjónustu og hóteli, samkvæmt deiliskipulags- og skýringarupph. Plúsarkitekta ehf. dags. 4. september 2017. Einnig er lögð fram umsögn Minnjastofnunar Íslands, dags. 8. júní 2017.
Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísað til borgarráðs.

Halldóra Hrólfsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. Spöngin eining G, Spöngin 3- (02.376) Mál nr. SN170522
5/Móavegur 2 og 4, breyting á
deiliskipulagi
560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Hverfisgötu 76, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Yrki arkitekta ehf., mótt. 21. júní 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi Spangarinnar einingu G vegna lóðanna nr. 3-5 við Spöngina og 2 og 4 við Móaveg. Í breytingunni felst að fjölga íbúðum í 130 íbúðir (eða allt að 156 íbúðir miðað við vikmörk + 20%) og felld út heimild til að byggja verslunar- og þjónustuhúsnæði á lóðinni, formi og stærð byggingarreita er breytt lítillega, þakgörðum efri hæða fækkað og breidd svalaganga minnkuð, bílastæðaskilmálum er breytt, bílakjallari minnkaður og fjöldi bílastæða ofanjarðar er aukinn og fyrirkomulag sorpgeymsla er breytt þannig að í stað djúpgáma eru hefðbundin sorpskýli á lóð, samkvæmt upph. Yrki arkitekta ehf., dags. 5. júlí 2017. Tillagan var auglýst frá 14. júlí 2017 til og með 25. ágúst 2017. Eftirtaldir aðilar sendu inn athugasemdir: Sigurlaug H. Pétursdóttir, hdl. f.h. Reita, dags. 24. ágúst 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. september 2017.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 1. september 2017.
Vísað til borgarráðs.

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir víkur af fundi við afgreiðslu málsins.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. Haðaland 26, Fossvogsskóli, breyting á (01.863.9) Mál nr. SN170569
deiliskipulagi
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn skrifstofa eigna og atvinnuþróunar, mótt. 14. júlí 2017, um breytingu á deiliskipulagi Fossvogsskóla. Í breytingunni felst að koma fyrir nýjum byggingarreit fyrir færanlegar kennslustofur á suðausturhluta lóðarinnar, samkvæmt uppdrætti umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 31. ágúst 2017. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísað til borgarráðs.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 10.15 víkur Sævar Þór Jónsson af fundi

9. Sléttuvegur, breyting á deiliskipulagi (01.79) Mál nr. SN160959
650213-0840 Ölduvör ehf., Brúnavegi Hrafnista, 104 Reykjavík
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn THG Arkitekta ehf., mótt. 16. desember 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi Sléttuvegar, Hrafnistu. Í breytingunni felst að fjölga íbúðum, fjölga hjúkrunarheimilisrýmum, breytingu á bílastæðafjölda og bílakjöllurum o.fl., samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf., dags. 24. apríl 2017. Tillagan var auglýst frá 9. maí til og með 20. júní 2017. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Veitur, dags. 26. maí 2017, Ágústína Jónsdóttir, dags. 19. júní 2017, Hrefna Hrólfsdóttir og Hjörtur Örn Hjartarson, dags. 19. júní 2017, Björn Már Friðriksson, dags. 19. júní 2017, Össur Kristinsson, dags. 19. júní 2017, Þorsteinn Þorsteinsson, dags. 19. júní 2017, Finnbogi Kjartansson, dags. 19. júní 2017, Pétur Birgisson, María M. Aðalbjarnardóttir, Birgir Björn Pétursson og Bjarki Pétursson, dags. 19. júní 2017, Hákon E. Guðmundsson og Guðrún A. Erlingsdóttir, dags. 20. júní 2017, Salína Helgadóttir, dags. 20. júní 2017, Óskar Sæmundsson, dags. 20. júní 2017, Einar Long, dags. 20. júní 2017, Arnheiður E. Sigurðardóttir, dags. 20. júní 2017, Magnús Þór Kristjánsson, dags. 20. júní 2017 og Kjartan Freyr Kjartansson, dags. 21. júní 2017. Einnig er lagt fram bréf Halldórs Guðmundssonar arkitekts dags. 23. ágúst 2017. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. ágúst 2017 ásamt lagfærðum uppdráttum THG Arkitekta ehf., dags. 3. september 2017.
Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsafulltrúa dags. 14. ágúst 2017.
Vísað til borgarráðs.

10. Hafnarstræti 18, breyting á deiliskipulagi (01.140.3) Mál nr. SN170420
431005-0690 P ARK teiknistofa sf, Laugavegi 59, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Ólafar Pálsdóttur, mótt. 18. maí 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna lóðarinnar nr. 18 við Hafnarstræti. Í breytingunni felst aukning á byggingarmagni sem felst í að lyfta núverandi húsi upp um 90 cm, byggja kjallara undir það og nýja viðbyggingu á 2. hæð. Þá fellst breytingin einnig í því að skúrar sem byggðir eru á baklóð verði rifnir,

samkvæmt uppdr. P ARK teiknistofu sf., dags. 12. maí 2017. Einnig er lögð fram greinargerð P Ark teiknistofu sf., dags. 4. september 2017 og uppdrættir, dags. 1. september 2017.

- Kl. 10.33 tekur Sævar Þór Jónsson sæti á fundinum að nýju.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísad til borgarráðs.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

11. Hólavað 63-71, breyting á deiliskipulagi (04.741.6) Mál nr. SN170074
120944-2669 Kristinn Ragnarsson, Skaftahlíð 27, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar, dags. 22. júní 2017, þar sem stofnunin telur svör skipulagsfulltrúa við framkomnum athugasemdum ófullnægjandi. Einnig gerir stofnunin athugasemd við að deiliskipulagsbreytingunni fylgir engin úttekt á hugsanlegum umhverfisáhrifum skv. gr. 5.4. í skipulagsreglugerð. Erindinu var vísað til meðferðar skrifstofu sviðsstjóra og er nú lagt fram að nýju. Einnig er lagt fram skuggavarp KRark, dags. 15. ágúst 2017 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. september 2017.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. september 2017 samþykkt.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið

12. Vogabyggð svæði 2, breyting á (01.45) Mál nr. SN170532
deiliskipulagi
500310-0490 DAP ehf, Litlu-Tungu, 270 Mosfellsbær

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn DAP ehf., mótt. 27. júní 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar svæði 2. Í breytingunni felst að auka byggingarmagn neðanjarðar, samkvæmt tillögu Teiknistofu Tröð, dags. 5.júlí 2017 ásamt greinargerð og skilmálum dags. 5. júlí 2017 síðast breytt 5. júlí 2017. Tillagan var auglýst frá 14. júlí 2017 til og með 25. ágúst 2017. Eftirtaldir aðilar sendu inn athugasemdir: Magnús Þráinsson f.h. Miðhólma ehf., dags. 23. ágúst 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. september 2017.
Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. september 2017.
Vísad til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

13. Öskjuhlíð, Perlan, breyting á (01.762.5) Mál nr. SN170102
deiliskipulagi
561204-2760 Landmótun sf., Hamraborg 12, 200 Kópavogur
561115-1680 Perla norðursins hf., Suðurlandsbraut 4A, 108 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Landmótunar f.h. lóðarhafa mótt. 7. febrúar 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi Öskjuhlíðar vegna lóðar Perlunnar nr. 1 við Varmahlíð. Í breytingunni felst að gera byggingarreit fyrir nýtt mannvirki norðan við Perluna sem er að mestu neðanjarðar og tengist núverandi byggingu, breyta staðsetningu á nýjum heitaveitutanki o.fl. samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppdr. Landmótunar sf., dags. 11. maí 2017, br. 28. ágúst 2017. Einnig er lögð fram greinargerð Landmótunar sf.,

dags. 11. maí 2017, br. 28. ágúst 2017. Tillagan var auglýst frá 6. júlí 2017 til og með 17. ágúst 2017. Engar athugasemdir bárust.
Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. september 2017.
Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. september 2017.
Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

14. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423
fundargerðir

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð,
afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 939 frá 5. september 2017.

15. Drápuhlíð 36, Bílskúr (01.713.006) Mál nr. BN052838
190649-3939 Helga Benediktsdóttir, Drápuhlíð 36, 105 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. maí 2017 þar sem sótt er um leyfi til að byggja staðsteyptan bílskúr við austurhlíð lóðar upp við lóðarmörkum nr. 38 á lóð fjölbýlishúss nr. 36 við Drápuhlíð. Erindi var grenndarkynnt frá 30. júní 2017 til og með 28. júlí 2017. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Hildur Sólveig Pétursdóttir hrl. f.h. Ásgerðar Vigfúsdóttur, dags. 17. júlí 2017 og Steinar Jens Friðgeirsson, dags. 28. júlí 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. september 2017.

Bréf frá hönnuði dags. 9. maí 2017 fylgir. Stærð bílskúr: 28,0 ferm., 85,4 rúmm. Gjald kr. 11.000

Umhverfis- og skipulagsráð tekur jákvætt í erindið með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. september 2017.

Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

16. Skipholt 31, Bruggverksmiðja (01.251.004) Mál nr. BN053036
490703-3060 Víðsjá-kvikmyndagerð ehf, Birkihlíð 13, 105 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa dags. 11. júlí 2017 þar sem sótt er um leyfi til að gera bruggverksmiðju í mhl. 02 rými 0101 sem í dag er vörugeymsla og fá samþykktar útitröppur og áður útfærða gönguhurð á austur hlið á húsinu á lóð nr. 31 við Skipholt. Erindi var grenndarkynnt frá 21. júlí 2017 til og með 18. ágúst 2017. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Stefán S. Guðjónsson, dags. 17. ágúst 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. ágúst 2017.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 7. júlí 2017 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. júlí 2017.

Gjald kr. 11.000

Umhverfis- og skipulagsráð tekur jákvætt í erindið með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 30. ágúst 2017.

Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa

Halldóra Hrólfsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(E) Umhverfis- og samgöngumál

17. Deilibílar, verklagsreglur Mál nr. US170255
- Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur, að verklagsreglum vegna stæða undir deilibíla-leigur á borgarlandi Reykjavíkur
Samþykkt
Vísað til borgarráðs.
18. Deilibílar, gjaldskrá Mál nr. US170254
- Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur, varðandi gjaldskrá vegna stæða undir deilibíla-leigur á borgarlandi Reykjavíkur.
Samþykkt
Vísað til borgarráðs.
19. Leiga á bílastæðum, Deilibifreiðar Mál nr. US170242
- Lagt fram erindi Zipcar varðandi ósk um leigu á bílastæðum fyrir deilibifreiðar.
Vísað til afgreiðslu umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra.
20. Miðborgin, hjólastæði, kynning Mál nr. US130225
- Lagðar eru fram tillögur umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur, að nýjum hjólastæðum í miðborginni og á Kjalarnesi. Tillögurnar eru í samræmi við hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar.
Lagt er til að að fjölga hjólastæðum um 14 á 12 staðsetningum.
Tillögur að nýjum hjólastæðum eru eftirfarandi:
Austurstræti 17 - 2 stæði, Austurstræti 12, Hafnarstræti/Veltusund, Bankastræti, Vestan við Kolaport 2 stæði, Hverfisgata/Arnarhóll, Laugavegur 10, Óðinstorg, Laugavegur við Kjörgarð, Káratorg, Laugavegur 77 og Esjuskáli Kjalarnesi.
Samþykkt.
- Edda Ívarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið
- Kl. 11.55 vikur Sævar Þór Jónsson af fundi.
21. Mýrargata, Nýlendugata, Brunnstígur, Mál nr. US170246
Bakkstígur og Norðurstígur, tillaga um
ný gjaldskyld svæði
- Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, bílastæðasjóðs dags. 25. ágúst 2017, þar sem lagt er til að almenn bílastæði við Mýrargötu, Nýlendugötu, Brunnstíg, Bakkastíg og Norðurstíg verði gerð gjaldskyld.
Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
- Kolbrún Jónatansdóttir framkvæmdastjóri bílastæðasjóðs tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
22. Skothúsvegur, tillaga um ný gjaldskyld Mál nr. US170247
svæði
- Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs bílastæðasjóðs, dags. 25. ágúst 2017, þar sem lagt er til að almenn bílastæði við Skothúsveg verði gerð gjaldskyld.
Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Kolbrún Jónatansdóttir framkvæmdastjóri bílastæðasjóðs tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

23. Stakkholt og Grófin, tillaga um ný gjaldskyld svæði Mál nr. US170248

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs bílastæðasjóðs, dags. 25. ágúst 2017, þar sem lagt er til að almenn bílastæði við Stakkholt og Grófina verði gerð gjaldskyld. Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Kolbrún Jónatansdóttir framkvæmdastjóri bílastæðasjóðs tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

24. Vatnsmýrarvegur, lóð norðan við BSÍ, tillaga um ný gjaldskyld svæði Mál nr. US170245

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs bílastæðasjóðs, dags. 25. ágúst 2017, þar sem lagt er til að bílastæði á malarplani á ótölusettri lóð við Vatnsmýrarveg norðan við BSÍ (Vatnsmýrarveg 10) verði gerð gjaldskyld. Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Kolbrún Jónatansdóttir framkvæmdastjóri bílastæðasjóðs tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(D) Ýmis mál

25. Umhverfis- og skipulagssviðs, sex mánaða uppgjör 2017 Mál nr. US170252

Lagt fram sex mánaða uppgjör umhverfis- og skipulagssviðs janúar til júní 2017.

26. Þingholtsstræti 25, málskot (01.183.3) Mál nr. SN170562
060346-2249 Páll V Bjarnason, Laufásvegur 7, 101 Reykjavík

Lagt fram málskot Páls V. Bjarnasonar, dags. 11. júlí 2017 vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa 30. júní 2017 á fyrirspurn um breytingu á deiliskipulagi vegna lóðar nr. 25 við Þingholtsstræti. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. ágúst 2017.

- Kl. 12.15 tekur Sævar Þór Jónsson sæti á fundinum að nýju.

Fyrri afgreiðsla skipulagsfulltrúa frá 30. júní 2017 staðfest.

Margrét Þormar verksefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

27. Kjalarnes, Hof, deiliskipulag Mál nr. SN160598
500299-2319 Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar, dags. 11. ágúst 2017, þar sem stofnunin getur ekki tekið afstöðu til efnis deiliskipulagsins þar sem ekki liggur fyrir umsögn Vegagerðarinnar vegna tengingar umrædds svæðis við Vesturlandsveg. Jafnframt er bent á að lagfæra gögn þannig að afmörkun byggingarreits sé í samræmi við fyrirhugað umfang bygginga þannig að minjar verði staðsettar utan hans og gera þarf grein fyrir aðkomu að deiliskipulagssvæðinu frá stígum

ofar í hlíðinni. Einnig er lagður fram leiðréttur uppdáttur dags. 25. ágúst 2017 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2017.
Samþykkt.
Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

28. Betri Reykjavík, rækta upp útivistarsvæðið í Úlfarsárdal (USK2017080016) 530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík Mál nr. US170236

Lagt fram erindið "rækta upp útivistarsvæðið í Úlfarsárdal" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 15. ágúst 2017. Erindið var efsta hugmynd júlímánaðar í málaflokknum umhverfismál. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða dags. 31. ágúst 2017.
Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða dags. 31. ágúst 2017 samþykkt.

29. Betri Reykjavík, klósett við Klambratún (USK2017040012) 530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík Mál nr. US170142

Lagt fram erindið "klósett við Klambratún" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 6. apríl 2017. Erindið var efsta hugmynd marsmánaðar í flokknum umhverfismál á samráðsvefnum. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða dags. 31. ágúst 2017.
Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða dags. 31. ágúst 2017 samþykkt.

30. Betri Reykjavík, sumarskáli í Hljómskálagarðinn Pavillion (USK2017030019) 530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík Mál nr. US170120

Lagt fram erindið "sumarskáli í Hljómskálagarðinn Pavillion" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 8. mars 2017. Erindið var önnur efsta hugmynd febrúarmánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum umhverfismál.
Frestað.

31. Betri Reykjavík, höfum 2 Miðgarða (e. Central Parks) í miðborg Reykjavíkur 530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík Mál nr. US170176

Lagt fram erindið "höfum 2 Miðgarða (e. Central Parks) í miðborg Reykjavíkur" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 17. maí 2017. Erindið var önnur efsta hugmynd aprílmánaðar á samráðsvefnum og jafnframt efst í málaflokknum umhverfismál. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða dags. 31. ágúst 2017.
Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða dags. 31. ágúst 2017 samþykkt.

32. Fyrirspurn Framsóknar- og flugvallarvina og Sjálfstæðisflokks, Fundargerðir skipulags- og byggingarfulltrúa Mál nr. US170222

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina og fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram eftirfarandi fyrirspurn.

"Fundargerðir skipulags- og byggingarfulltrúa eru lagðar fram í ráðinu en gögnin sem vísað er til í fundargerðunum sem afgreiðsla skipulags- og byggingarfulltrúa byggist á eru ekki lögð fram. Óskað er eftir upplýsingu um það hvenær það verður."

Stefnt er að því að gögn þau er fyrirspurnin lýtur að verði aðgengileg um mitt næsta ár.

33. Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Mál nr. US170239
Mynd á gafli sjávarútvegshússins

Lögð fram eftirfarandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Halldórs Halldórssonar og Herdísar Þorvaldsdóttur þar sem þau óska eftir upplýsingum umhverfis- og skipulagssviðs um hver aðkoma stjórnsýslu Reykjavíkurborgar var að þeirri ákvörðun að fjarlægja mynd af sjómanninum á gafli Sjávarútvegshússins, Skúlagötu 4.

Einnig er lagt fram svarbréf byggingarfulltrúa Reykjavíkur dags. 29. ágúst 2017.

34. Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Mál nr. US170224
Aðgerðir til að hefta útbreiðslu lúpínu

Lögð fram eftirfarandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Halldórs Halldórssonar og Áslaugar Maríu Friðriksdóttur.

"Óskað er eftir upplýsingum um til hvaða aðgerða gripið hefur verið til að hefta útbreiðslu lúpínu í borgarlandinu. Hefur sérstaklega verið skoðað hvernig bregðast megi við á þeim stöðum sem lúpinan legst á varpland fugla?" Einnig er lagt fram svarbréf umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða dags. 2. september 2017.

35. Grensásvegur 16a, kæra 94/2017, (01.295.4) Mál nr. SN170637
umsögn
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála ásamt kæru, dags. 25. ágúst 2017 þar sem kært er byggingarleyfi, dags. 26. júlí 2017 fyrir niðurrífi bílastæðahúss á lóð nr. 16A við Grensásveg. Í kærinni er gerð krafa um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 4. sept. 2017.

36. Birkimelur 3, breyting á deiliskipulagi (01.541) Mál nr. SN170542
151037-4969 Magnús Skúlason, Klapparstígur 1a, 101 Reykjavík
530208-1410 Blómatorgið ehf, Hringbraut 33, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 24. ágúst 2017 um samþykki borgarráðs s.d. um auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands vestan Suðurgötu vegna lóðar nr. 3 við Birkimel.

37. Holtavegur 23, Langholtsskóli, breyting á (01.430.1) Mál nr. SN170573
deiliskipulagi
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 24. ágúst 2017 um samþykki borgarráðs s.d. um auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi Langholtsskóla að Holtavegi 23.

38. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Mál nr. SN170610
miðsvæði M2c-M2g, breyting á

aðalskipulagi, heimildir um
íbúðarhúsnæði

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 31. ágúst 2017, vegna samþykktar borgarráðs s.d. á tillögu að óverulegri breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur fyrir miðsvæði M2c-M2g, Múlar- Suðurlandsbraut, varðandi heimildir um íbúðarhúsnæði.

39. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins,

Mál nr. US170258

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Halldór Halldórsson og Áslaug Friðriksdóttir leggja til við umhverfis - og skipulagsráð að borgarbúum verði gert kleift að skoða lifandi upplýsingar um umferð á helstu stofnleiðum borgarinnar á vef borgarinnar eða í sérstöku smáforriti. Ferðatími á annatíma í borginni er gríðarlega misjafn og getur jafnvel tekið hátt í klukkutíma að fara frá Grafarvogi niður í miðbæ á mesta álagstíma. Sama kerfi getur skilað upplýsingum um tafir vegna viðgerða eða lokana. Mikilvægt er að aðstoða fólk við að sjá þessar upplýsingar á aðgengilegan hátt svo það í auknum mæli taki ákvarðanir um að forðast mesta álagstímann og nota ætti öll tiltæk ráð til þess.
Frestað

Fundi slitið kl. 12.50

Hjálmar Sveinsson

Magnea Guðmundsdóttir
Torfi Hjartarson
Halldór Halldórsson

Sverrir Bollason
Sigurborg Ósk Haraldsdóttir
Áslaug María Friðriksdóttir

Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2017, þriðjudaginn 5. september kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 939. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Karólína Gunnarsdóttir, Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Olga Hrund Sverrisdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson, Harri Ormarsson og Jón Hafberg Björnsson. Fundarritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. Álfab. 12-16/Pönglab. (04.603.503) 111722 Mál nr. BN053422
570173-0229 Arnar ehf., Smiðjuvegi 40d, 200 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að skipta kjallara upp í tvær eignir og breyta að hluta til sameignarrýmum í séreignarrými í húsi á lóð nr. 14 við Álfabakka.
Samþykki meðeigenda dags. 31.08.2017 fylgir erindi.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
2. Bergstaðastræti 13 (01.180.309) 101720 Mál nr. BN053051
571215-0470 Jubileum ehf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík
630707-1020 B13 ehf., Skútuvogi 11a, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í flokki II tegund ?? fyrir 55 gesti í rými 0102 á 1. hæð í húsi á lóð nr. 13 við Bergstaðastræti.
Samþykki formanns húsfélagsins Bergstaðastræti 13 fylgir vegna gasskáps á lóð og fjölgunar salerna dags. 11. júlí 2017.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
3. Bragagata 34 (01.186.633) 102328 Mál nr. BN050359
420500-2540 KTF ehf, Laugavegi 2, 101 Reykjavík
120376-3819 Einar Sturla Möinichen, Stigahlíð 82, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta einbýlishúsi í tvíbýlishús með því að gera nýja íbúð á 1. hæð, breyta stiga á bakhlið, endurnýja geymsluskúr á baklóð og setja svalir á suðurhlið rishæðar á húsi á lóð nr. 34 við Bragagötu.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 11. ágúst 2017 fylgir erindinu. Erindi var grenndarkynnt frá 6. júlí 2017 til og með 3. ágúst 2017 fyrir hagsmunaaðilum að Bragagötu 31, 32, 34a, 34b og Haðarstíg 15. Engar athugasemdir bárust.
Gjald kr. 9.923.
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
4. Brekkugerði 10 (01.804.407) 107755 Mál nr. BN053200
191159-2849 Bogi Þór Siguroddsson, Brekkugerði 10, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu á austurhlið þar sem í verður vetrargarður og baðhús í einbýlishúsi á lóð nr. 10 við Brekkugerði.

Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. júlí 2015.

Útskrift úr gerðarbók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 1. september 2017 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. ágúst 2017.

Stækkun: 84,4 ferm., 238,7 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

5. Bugðulækur 7 (01.343.313) 104012 Mál nr.
BN053203

261254-2479 Steinunn Þrúður Hlynisdóttir, Klapparhlíð 13, 270 Mosfellsbær

240932-4079 Magnea I Sigurhansdóttir, Hringbraut 50, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi kjallara í húsi á lóð nr. 7 við Bugðulæk.

Bréf hönnuðar dags. 11.07.2017 fylgir erindi.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

6. Dragháls 18-26 (04.304.304) 111022 Mál nr.
BN053473

480714-2100 Lóuþing ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN0xxxxx, 3. hæð er breytt í fjögur rými, útliti norðurhliðar breytt, byggð milliloft í rýmum 0301 og 0304, sprinklerrými stækkað og flóttaleiðum og brunavörnum breytt í atvinnuhúsi á lóð nr. 18-26 við Dragháls.

Stækkun: milliloft 137,2 ferm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

7. Döllugata 3 (05.113.602) 214838 Mál nr.
BN053218

240981-5809 Sigurbjörn I Guðmundsson, Kristnibraut 6, 113 Reykjavík

050380-3359 Rakel Björk Gunnarsdóttir, Kristnibraut 6, 113 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja einbýlishús á tveimur hæðum á lóð nr. 3 við Döllugötu.

Samþykki um frágang á lóðamörkum að Döllugötu 5 dags. 27.07.2017 fylgir erindi ásamt bréfi hönnuðar dags. 25.07.2017.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 25. ágúst 2017 fylgir erindinu.

Stærðir:

A-rými 330,2 ferm., 1.354,9 rúmm.

B-rými 27,0 ferm.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

8. Efstaleiti 2 (01.745.201) 224636 Mál nr.
BN053480

681015-5150 Skuggi 4 ehf., Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur

Sótt er um takmarkað byggingarleyfi fyrir undirstöður, botnplötu og lagnir í jörð fyrir matshluta 05, fjölbýlishús að Lágaleiti 2-6 á lóð að Efstaleiti 2, sbr. byggingarleyfisumsókn nr. BN052547.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

9. Faxafen 5 (01.463.301) 105673 Mál nr.
BN053406

530117-0650 Reitir - verslun ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta í rými norðurhluta 2. hæðar úr skrifstofum í snyrtistofu og eru breytingar tilgreindar í byggingarlýsingu á teikningum fyrir húsið á lóð nr. 5 við Faxafen.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits á umsóknarblaði.

10. Fiskislóð 23-25 209680 Mál nr.
BN053472

680406-1030 FF 11 ehf., Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík

430475-0299 VSP ehf, Klapparstíg 3, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að setja upp geymslukerfi ofan á núverandi geymslur 1. hæðar ásamt því að koma fyrir öðrum flóttahringstiga á gaffli og gera nýjan glugga á vesturhlið í húsi á lóð nr. 23-25 við Fiskislóð.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

11. Fossaleynir 1 (02.456.101) 190899 Mál nr.
BN053440

521009-2170 Knatt höllin ehf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur

Sótt er um breytingar á erindi BN052523 sem felast í því að byggð er 380 ferm. viðbygging við norðurhlið áfanga 6 ásamt 100 ferm. tæknirými á 2. hæð, nýr inngangur gerður á tengigang og íþróttasalur hannaður fyrir 2500 manna samkomur auk þess sem stálburðarvirki þaks í sal er breytt í íþróttahúsinu Egilshöll á lóð nr. 1 við Fossaleyni.

Stækkun A-rými 522,4 ferm. , 3.551,1 rúmm.

Erindi fylgja greinargerð um brunahönnun dags. ágúst 2017, minnispointar brunahönnuðar varðandi tækifærisskemmtanir dags. 22.08.2017 og bréf hönnuðar dags. 22.08.2017.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

12. Frakkastígur 9 (01.173.029) 101516 Mál nr.
BN053119
581200-2770 STS ISLAND ehf., Laugavegi 51, 101 Reykjavík
490316-0940 Aurora Arctica ehf., Mýrarseli 6, 109 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í flokki III tegund C í kjallara, til að lækka hluta gólfs um 70 cm til að ná löglegri hæð og verður þar komið fyrir eldhúsi og snyrtingum, veitingastaður og opið eldhús verður á fyrstu hæð og geymslur og skrifstofur á annarri hæð í einbýlishúsi á lóð nr. 9 við Frakkastíg. Umboð frá eiganda dags. 27. júní 2017, umsögn skipulags dags. 28. október 2017, bréf hönnuðar um breytingar dags. 29. ágúst 2017, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 21. ágúst 2017 og hljóðvistaskýrsla dags. 28. ágúst 2017 fylgja erindi.
Stækkun: xx rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
